

73. fundur stjórnar Þekkingarsetursins Nýheima

16. nóvember 2016, kl. 8:15 – Nýheimum, Höfn í Hornafirði

Fjarvist boðuðu: Eyjólfur, Davíð, Katrín, Helga, Kristín og Eyrún.

Mætt: Þorvarður, Bryndís, Olga og Ragnhildur. Hrafnkell var á skype.

Fundarstjóri og ritari: Ragnhildur

Dagskrá.

1. Davíð Arnar Stefánsson hefur sagt upp störfum frá og með 1. nóvember s.l. Hann efnir grein í ráðningarsamningi sínum um 3ja mánaða uppsagnarfrest og lýkur störfum þann 1. febrúar n.k. Gera þarf ráðstafanir um ráðningu nýs forstöðumanns. Fundurinn samþykkir tillögu um að fela formanni stjórnar Eyjólfvi Guðmundssyni að auglýsa eftir forstöðumanni hið fyrsta.
2. Ráðningarsamningur Hugrúnar Hörpu Reynisdóttur verkefnastjóra rennur út 1. janúar n.k. en hún hefur verið í 80% starfi. Starfsemi þekkingarsetursins hefur þróast í þá átt að full þörf hefur verið fyrir starfsmann við verkefnastjórn í setrinu. Eyjólfur Guðmundsson og Davíð Arnar leggja til að gerður verið áframhaldandi og ótímabundinn ráðningarsamningur miðað við 100% starfshlutfall við Hugrúnu með hefðbundinni grein um þriggja mánaða uppsagnarfrest. Fundarmenn taka jákvætt í tillögu um að ráða Hugrúnu í 100% starf en upplýsingar um kostnað við starfið og fjárhagsáætlun NÞ 2017 þurfa að liggja fyrir áður en hægt er að taka endanlega ákvörðun. Málinu frestað til næsta fundar.
3. Önnur mál
Jólamarkaður í Nýheimum – Framundan er að halda jólamarkað í Nýheimum fyrstu helgina í aðventu. Undirbúningur að markaðnum er hafinn, útskriftarnemendur í FAS munu m.a. hafa kaffihús, jólaland verður fyrir börn í bókasafninu og körfuknattleiksdeild Sindra verður með markað í húsinu. Fundarmenn fagna þessu framtaki enda eru slíkir viðburðir mikilvægir fyrir Nýheima.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9:00

Ragnhildur Jónsd.